



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 31. ágúst 2026

MSS26080045

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um niðurlagningu samskiptaskrifstofu

Á fundi borgarráðs 13. ágúst 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúar Vinstrisins.

„Hvernig var staðið að greiningum og rýni á uppsögnum upplýsingafulltrúa og verkefnastjóra á skrifstofu borgarstjóra og áhrifum þeirra? Hver sinnir núna upplýsingagjöf til starfsfólks, fjölmiðla og borgarbúa? Hvernig verður staðið að hlutlausri og ópólitískri upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg framvegis? Stendur til að endurráða í einhver störf á skrifstofu borgarstjóra og ef svo er, hvenær? Hversu margar nýjar ráðningar hafa átt sér stað eftir að nýr meirihluti tók við, bæði tímabundnar og ótímabundnar?“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. ágúst. sl.

Svar:

1. *Hvernig var staðið að greiningum og rýni á uppsögnum upplýsingafulltrúa og verkefnastjóra á skrifstofu borgarstjóra og áhrifum þeirra?*

Megin tilgangur skipulagsbreytinganna var hagræðing í rekstri, einföldun stjórnsýslu, fækkun verkefna og færa þau sem eftir verða næst þeirri þjónustu sem þau tengjast. Við undirbúning breytinganna var farið yfir öll verkefni og störf. Skrifstofa samskipta og viðburða var lögð niður að undanskyldum þremur störfum sem sinna viðburðarhaldi borgarinnar og voru færð til menningar- og íþróttasviðs. Jafnframt voru verkefni stefnumótunar- og þróunarteymis ýmist lögð niður eða færð til annarra sviða.

2. *Hver sinnir núna upplýsingagjöf til starfsfólks, fjölmiðla og borgarbúa?*

Samið var við tvo fyrrverandi starfsmenn frá samskipta- og viðburðaskrifstofu um tímabundin störf á meðan nýtt og sérhæfðara fyrirkomulag samskiptamála er mótað. Þá hefur einu verkefni verið útvistað.

3. *Hvernig verður staðið að hlutlausri og ópólitískri upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg framvegis?*

Reykjavíkurborg mun áfram sinna lögbundinni upplýsingaskyldu sinni gagnvart íbúum, starfsfólki og fjölmiðlum. Markmiðið með breytingunum er að byggja upp skilvirkara og sérhæfðara fyrirkomulag samskiptamála sem styður við það hlutverk.



Reykjavík



4. *Stendur til að endurráða í einhver störf á skrifstofu borgarstjóra og ef svo er, hvenær?*

Líkt og fram kemur í hagræðinga- og breytingatillögum sem samþykktar voru í borgarráði 25. júní 2026 er gert ráð fyrir að byggja upp nýtt skipulag samskiptamála með færri stöðugildum en áður. Sú vinna er hafin og verður útfærð eftir því sem innleiðingu breytinganna vindur fram.

5. *Hversu margar nýjar ráðningar hafa átt sér stað eftir að nýr meirihluti tók við, bæði tímabundnar og ótímabundnar?*

Frá því nýr meirihluti tók við hafa ekki átt sér stað neinar ótímabundnar ráðningar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en fjórir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið, þar af þrír sem sagt var upp störfum en fengu tímabundna ráðningu til áramóta svo tryggja mætti samfellu í verkefnum skrifstofunnar meðan breytingar eru innleiddar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari



Reykjavík